



Skólaráð Tjarnarskóla
Fundargerð 52. fundar
3. fundur á skólaárinu 2025-2026
9. apríl 2026 kl. 8.30

Mætt á fundinn:

Birna Dís Björnsdóttir, skólastjóri
Jökull Jóhann Karlsson, fulltrúi nemenda
Elizabeth Þ. Benjamínsdóttir, fulltrúi nemenda
Margrét Theodórsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Kristín Inga Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara
Sigurborg Pálína Hermannsdóttir, fulltrúi kennara
Margrét A. Markúsdóttir, fulltrúi foreldra

Rosalie Rut Sigrúnardóttir, fulltrúi grenndarsamfélags og Ólöf Arnalds, fulltrúi foreldra boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Hugmyndir og skipulag á næsta opna fundi skólaráðs

Birna rifjaði upp þær hugmyndir að „opnum fundi skólaráðs“ sem komu til tals á síðasta fundi ráðsins: Hinsegin fræðsla, forvarnafræðsla og fræðsla um skjátíma. Fundarmenn ætluðu að hafa augu opin fyrir skemmtilegum viðburðum/fræðslu til að bjóða upp á.

Birna kallaði eftir hugmyndum, ýmislegt rætt, s.s. að fá kynningu á starfi Félagsmiðstöðvarinnar 101, leita til Foreldrahúss eða Heilsulausna með kynningar. Einnig kom fram að Kristjana Kona hefur verið með fyrirlestra um ADHD og Litla kvíðamiðstöðin kom einnig til umræðu. Svo komu líka fram hugmyndir um að fá þá Berg Ebba eða Björgvin Pál.

Eftir góðar umræður varð sú niðurstaða að leita til Björgvins Páls markmanns í handbolta sem hefur verið með fyrirlestra í skólum um frammistöðu og góða liðsheild. Einnig verður haft samband við starfsmenn í 101.

Tíundi bekkur ætlar að nota tækifærið og selja veitingar í fjáröflunarskyni fyrir vorferð 10. bekkjar.

Það hefur verið staðfest að við getum fengið að vera í Spennistöðinni 7. maí eftir kl. 19.00.
Fundarmönnum leist vel á þann tíma.

2. Önnur mál.

Engin að þessu sinni.

Öllum var þakkað fyrir góðan fund og fundi slitið

MT